

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Kópavogstún. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 7. september 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Kópavogsbakka 1 til 15.

Í tillögunni felst að:

- Húsagatan, Kópavogsbakki, er færð til suðurs sem nemur 2 metrum.
- Lóðir ofan götu þ.e. Kópavogsbakki 1-15 (húsagerð E1) stækka sem nemur færslu götunnar þ.e. stækka um 2 metra til suðurs.
- Byggingarreitur húsa ofan götu þ.e. við Kópavogsbakka 1-15 stækkar að hluta um 2 metra til suðurs (suðurhlið bílskúrs færast nær götu) og hámarksgrunnflötur stækkar í 187 m² úr 175 m².
- Lóðir neðan götu þ.e. við Kópavogsbakka 2-10 ásamt húsum fyrir húsagerð E2 hliðrast til um tvo metra til suðurs. Lóðirnar eru að auki stækkaðar um 4 metra til suðurs og breikkaðar um 1,5 til 2,8 m. Lóðirnar neðan götu hliðrast til vesturs og sameiginlegum bílastæðum við Urðarbraut er fækkað úr 10 í 6.
- Byggingarreitur og hámarksgrunnflötur fyrir Kópavogsbakka 2 verður 307 m² og fyrir Kópavogsbakka 4-10 verður 271 m² í stað 230 m².

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 24. október 2006.

Smári Smáráson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2006